

S A M Þ Y K K T

219

6. des.

um breyting á samþykktum fyrir Sparisjóð Ólafsfjarðar, nr. 145 11. júní 1943.

1. gr.

Úr 2. gr. falli niður orðin „og skulu þeir kosnir á aðalfundi ár hvert“.

2. gr.

3. gr. orðist svo:

Sjóðurinn er eign Ólafsfjarðarkaupstaðar og ber hann, auk varasjóðs, ábyrgð á allt að kr. 10000.00 — tíu þúsund krónum — til tryggingar innstæðum viðskiptamanna við sjóðinn.

3. gr.

4. gr. orðist svo:

Stjórn sjóðsins skipa 5 menn, og skulu þeir kosnir af bæjarstjórn Ólafsfjarðar til 4 ára í senn, á fyrsta fundi hennar eftir bæjarstjórnarkosningar. Hlutfallskosningu skal viðhafa. Stjórnarmenn má endurkjósa, en hafi þeir setið í stjórninni í 4 ár samfleytt, er þeim ekki skylt að taka kosningu fyrr en að 4 árum liðnum. Stjórnin kys formann úr sínum flokki. Deyi stjórnarmaður, flytji burt úr héraðinu, eða verði á annan hátt óhæfur til að gegna starfinu, skal bæjarstjórn þegar kjósa annan í hans stað fyrir það, sem eftir er af kjörtímabilinu. Ekki má stjórnin reka eigin lánastarfsemi, eða aðra atvinnu, er komið geti í bága við hagsmuni sjóðsins.

Birta skal í blaði því, sem flytur stjórnarvaldaauglýsingar, hverjir séu stjórnendur sjóðsins og starfsmenn, og hverjir geti undirritað kvittanir og aðrar yfirlýsingar, svo skuldbindandi sé fyrir sjóðinn gagnvart viðskiptamönnum hans.

Stjórnendur sjóðsins bera einn fyrir alla og allir fyrir einn ábyrgð á því, að ekkert af fé sjóðsins fari forgörðum fyrir handvömm eða óráðvendni sparissjóðsstjórnar, einhverra starfsmanna eða annarra, sem við hann eru riðnir. Skal hlutað-eigendum skylt að bæta skaðann, ef krafizt er, og sæti þeir auk þess hegningu eins og lög standa til um sýslunarmenn hins opinbera.

4. gr.

38. gr. komi til viðbótar og orðist svo:

Reglugerð þessi öðlast gildi 1. jan. 1948, og skal kosning samkvæmt henni fara fram í janúar það ár, fyrir það sem eftir er af kjörtímabili bæjarstjórnarinnar.

Breyting þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sparissjóði, nr. 69 27. júní 1941, til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Viðskiptamálaráðuneytið, 6. desember 1947.

Emil Jónsson.

Brynj. Ingólfsson.